Óháð fréttablað á Vestfjörðum

# BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

5 694110 023513

Fimmtudagur
13. maí 2010
19. tbl. · 27. árg.

LEIGUFÉLAG VESTFJARÐA

Vantar þig íbúð til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600

Opið frá kl. 11:30 - 23:00 alla daga!

Við bjóðum ykkur hjartanlega velkomin!

Faktorshúsið
Hæstakaupstað

# Baráttan við geðhvarfasýkina og brestirnir í samfélaginu

**Hallgrímur Hróðmarsson framhaldsskólakennari er á förum suður eftir sjö ára farsælt starf við Menntaskólann á Ísafirði. Í viðtali í miðopnu fjallar hann um skólann og starfið þar, ræðir veikindi sín á opinskáan hátt og gerir upp við hrunverjana.**

# Gert ráð fyrir sex nýjum sumarhúsum í Tunguskógi

Deiliskipulag sem auglýst hefur verið fyrir Tunguskóg í Skutulsfirði gerir því ráð fyrir heimild til að byggja sex ný sumarhús á svæðinu. Að auki er gert ráð fyrir þeim möguleika að bjóða upp á leigulóðir til útivistar, til samræmis við þá notkun sem var, við upphaf uppbyggingar svæðisins. Með niðurstöðu hættumats sem gert var fyrir svæðið takmarkast uppbygging þess við þá nýtingu sem var á svæðinu fyrir snjóflóðið 1994. Samkvæmt eldri uppdráttum voru yfir 70 lóðir á svæðinu, en aðeins voru sumarhús á 41 þeirra. Þegar hafa verið endurbyggð 35 sumarhús eftir snjóflóðið. Í febrúar árið 1973 eyðilagði snjóflóð ysta húsið, Hlíðarenda, sem þá var nýlega byggt. Húsið var endurbyggt stuttu síðar. Í upphafi ársins 1994 stóðu 41 sumarhús í hverfinu. Þann 5. apríl 1994 féll stórt snjóflóð yfir hverfið. Öll húsin eyðilögðust, nema tvö, þ.e. Hálsakot og Hlíðarendi sem áður er getið.



**Frá Tunguskógi.**

Strax eftir snjóflóðið var hafist handa við endurbyggingu svæðisins, en fyrir árið 2000 höfðu 25 sumarhús verið endurbyggð. Nýju sumarhúsin eru nokkuð stærri og íburðarmeiri en fyrri hús. Flest eru húsin þó undir 50 m², það minnsta eru 9 m² en það stærsta er 99 m². Í upphafi árs 2010 stóðu 35 sumarhús í hverfinu.

Í dag eru 35 sumarhús á svæðinu, flest fremur lítil. Húsin eru frá 9 til 99 m² en stærstur hluti þeirra er undir 50 m². Fyrsta sumarhúsið í skóginum var reist árið 1925, en það hús stóð við Buná sem er utan skipulagssvæðisins. Byggðin á skipulagssvæðinu byrjaði að rísa í upphafi fjórða áratugarins. Svæðið byggðist fljótt upp, en flest húsanna voru byggð á árunum 1935-1949. Nokkur hús voru byggð á áratugunum eftir það, þar af nokkrar endurbyggingar á fyrri húsum. Húsin voru almennt mjög lítil og sum aðeins skúrar eða hús byggð úr kassafjölum. Með árunum stækkuðu húsin, það var byggð við þau eða þau rifin og ný hús byggð í staðinn.

Markmiðið með deiliskipulaginu er að tryggja að Tunguskógur geti áfram nýst bæjarbúum, sem sumardvalarsvæði. Leitast er við að auka möguleikann til uppbyggingar, en jafnframt lögð áhersla á að viðhalda sérkennum byggðarinnar.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði og á vef Ísafjarðarbæjar frá og með 21. apríl 2010 til og með 19. maí 2010. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 2. júní. Skila skal inn athugasemdum á bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við skipulagstillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

*– thelma@bb.is*


**LAUSNIR FYRIR LÁNTAKENDUR**

**Lækkuð greiðslubyrði • Afskriftir lána • Réttarstaða lántakenda**

**Borgarafundur í Edinborgarhúsinu á Ísafirði laugardaginn 15 maí kl. 12:30 - 14:00**

- Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, fer yfir skuldastöðu heimila, fjallar um bætta réttarstöðu skuldara og bendir á lausnir sem henta mismunandi hópum (30 mín)
- Spurt og svarað (60 mín)
- Lögfræðingur og ráðgjafi frá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna verða til viðtals

Félags- og tryggingamálaráðuneytið

**Sunnuholt 2**

Til sölu er stórt einbýlishús í Holtahverfi á Ísafirði. Eignin er 311m² og sjö herbergi. Stór og fallegur garður.

Áhugasamir hafi samband í síma 456 5388.


# Harma dylgjur í Kastljósinu

Agnar Ebenesersson, fyrrv. framkvæmdastjóri Bakkavíkur, og Guðmundur Eydal, fyrrv. stjórnarformaður Bakkavíkur, segjast harma dylgjur í Kastljósi Sjónvarpsins um arðgreiðslur til eigenda A.G. sjávarafurða hf. í Bolungarvík og tengsl fyrirtækisins við Bakkavík hf., sem nýlega var úrskurðuð gjaldþrota.

„A.G. sjávarafurðir áttu 21% í Bakkavík og höfðu með höndum sölu á afurðum Bakkavíkur. Kastljós lét að því liggja að arðgreiðslurnar kynnu að vera ólöglegar í ljósi tengsla fyrirtækjanna. Þáttastjórnanda Kastljóss, Helga Seljan, var þó fullkunnugt að arðgreiðslurnar komu til vegna allt annarra og óskyldra verkefna," segir í grein félaganna sem birtist á vefnum bb.is. Þar segir að þeir hafi lengi starfað saman í sjávarútvegi.

„A.G. fjárfesting, félag í okkar eigu, sem stofnað var skömmu fyrir síðustu aldamót, hafði með höndum sölu á frystum sjávarafurðum til útlanda. Þegar rækjuvinnslan Nasco Bolungarvík hf. varð gjaldþrota árið 2000 gerði félagið samning við Sparisjóð Bolungarvíkur um sölu á afurðum þrotabúsins. Upp úr því hófum við að safna saman fjárfestum í því skyni að endurreisa rækjuvinnslu á Bolungarvík í stað Nasco. Það tókst og í maí 2001 var Bakkavík hf. stofnuð."

Bakkavík skilaði þokkalegri afkomu allt til ársins 2009. Síðustu tvö árin voru þó erfið, bæði vegna endurbóta á rækjuvinnslunni en einkum þó vegna gengisbreytinga af völdum efnahagshrunsins, sem hækkuðu skuldir félagsins verulega.

„Á sama tíma dró úr sölu afurða vegna efnahagskreppu á helstu mörkuðum. Á liðnum árum hafa A.G. sjávarafurðir oft hlaupið undir bagga með lánsfé til Bakkavíkur. Það er nú viðskiptaskuld, sem við gerum ekki ráð fyrir að nokkuð fáist upp í. Stuðningurinn nemur hærri tölu en samanlagður hagnaður A.G. sjávarafurða af sölu afurða frá Bakkavík í gegnum árin. A.G. sjávarafurðir hf. og eigendur þess hafa einnig tekið hærri lán en nemur samanlögðum arðgreiðslum félagsins til eigenda sinna."

# Vorsýning á Vestfjörðum

TOYOTA

Urban Cruiser

Hilux

RAV4

Land Cruiser 150

Lexus RX 350

Helgina 15. og 16. maí verður vorsýning Toyota á Vestfjörðum.
Komdu í reynsluakstur og kynntu þér nýjar útfærslur af
vinsælustu bílunum úr vörulínu Toyota og Lexus.
Kaffi og kleinur.

| | | |
|---|---|---|
| **Laugardagur 15. maí:** | Patreksfjörður | 11.00 - 12.30 |
| | Tálknafjörður | 13.45 - 14.45 |
| | Bíldudalur | 15.30 - 16.30 |
| **Sunnudagur 16. maí:** | Ísafjörður Bílatangi | 11.00 - 15.00 |

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**
**www.toyotakopavogi.is**

Today
Tomorrow
Toyota

## Elstu börnin fara í útinám

Sú hefð hefur skapast á leikskólanum Sólborg á Ísafirði að elstu börnin eru í útinámi á sumrin í ýmsum spennandi verkefnum vítt og breitt um bæinn og úti í náttúrunni. Þá eru þau tekin út af sinni hefðbundnu deild og fá aðstöðu á öðrum stað.

„Þetta fyrirkomulag hefur gefist mjög vel og þá höfum við líka getað byrjað að aðlaga ný börn inn fyrr. Í elsta árgangi hjá okkur eru 20 börn og verða 19 þeirra í útinámi í sumar," segir á vef leikskólans.

Útinámið byrjar 17. maí og verður fram að sumarleyfi skólans. Fengin hefur verið aðstaða fyrir börnin í ár í íþróttasalnum á Hlíf.

## Nýr vert

Nýir aðilar hafa tekið við rekstri Faktorshússins í Hæstakaupstað á Ísafirði. „Þetta leggst rosavel í okkur, við erum nú þegar komin með pantanir og þetta lítur bara vel út," segir Arndís Dögg Jónsdóttir, nýr vert í Faktorshúsinu. Húsið var opnað á laugardag og af því tilefni var boðið upp á tónlist og kaffihlaðborð og fleira.

Í sumar verður opið frá kl. 11.30 til 23. „Við verðum með matsölu, súpu í hádeginu og matseðil á kvöldin. Svo ætlum við einu sinni til tvisvar í mánuði að bjóða upp á kaffihlaðborð," segir Arndís Dögg.

## Borce valinn þjálfari ársins

Borce Ilievski var valinn þjálfari ársins í 1. deild karla í körfubolta af þjálfurum liða í deildinni á lokahófi KKÍ. Borce þjálfaði sem kunnugt er meistaraflokk KFÍ á síðasta tímabili en hættir hjá KFÍ í sumar.

Borce stýrði meistaraflokki KFÍ til sigurs í 1. deild karla og leikur liðið því í efstu deild á næsta tímabili. Eins og fram hefur komið mun Bandaríkjamaðurinn Bob Jerome taka við þjálfun meistaraflokks karla hjá KFÍ á næsta tímabili.

# Inn að beini

## Skapti Elíasson, verkamaður

**Skafti Elíasson á Ísafirði hefur sýslað við margt í gegnum tíðina. Hann hóf starfsævina í saltfiskvinnslu hjá frænda sínum og nú síðast starfaði hann við eigin atvinnurekstur. Nú hyggur hann á búflutninga til Noregs ásamt fjölskyldu sinni en greip Bæjarins besta tækifærið og spurði hann inn að beini áður en hann fer út.**

**Afdrifaríkasta ákvörðun lífs þíns?**
Stofnun reksturs.
**Hvar langar þig helst að búa?**
Noregi.
**Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?**
Fæðing barnanna minna.
**Mestu vonbrigði lífs þíns?**
Velti mér ekki upp úr því.
**Mesta uppgötvunin í lífi þínu?**
Kynlíf.
**Uppáhaldslagið?**
Rime of the ancient mariner með Iron Maiden.
**Uppáhaldskvikmyndin?**
Big Lebowsky.
**Uppáhaldsbókin?**
Skræpótti fuglinn.
**Ógleymanlegasta ferðalagið?**
Ferðaðist til Tékklands með Geira frænda
Aðalheiði Ýr og Guðbjarti Einari.
**Uppáhaldsborgin?**
Havana.
**Besta gjöfin?**
Konan og börnin mín.
**Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?**
Tvímælalaust.
**Hvaða hlutar geturðu alls ekki verið án?**
Gemsinn minn.
**Fyrsta starfið?**
Saltfiskvinnslu á Vinaminni, hjá Gunna frænda.
**Draumastarfið?**
Svo mörg að næ ekki að gera upp við mig.

**Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?**
Chris O´Donnel.
**Fallegasti staðurinn á Íslandi?**
Skutulsfjörðurinn.
**Skondnasta upplifun þín?**
Óprenthæf.
**Aðaláhugamálið?**
Chilla.
**Besta vefsíðan að þínu mati?**
Bloggið hennar mömmu.
**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?**
Lögga, hermaður eða slökkviliðsmaður, eitthvað af þessu.
**Hver er þinn helsti kostur að þínu mati?**
Ör og athyglisbrestur.
**En helsti löstur?**
Ör og athyglisbrestur.
**Besta farartækið?**
Hvað meinarðu…bíllinn.
**Hver er uppáhaldshátíðardagurinn þinn?**
Páskar held ég.
**Hvaða manneskju lítur þú mest upp til?**
Misjafnt stundum pabbi stundum mamma
stundum tengdapabbi stundum konan mín.
**Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita?**
Skafti auðvitað.
**Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?**
Kl. 9 á virkum dögum og seinni part dags um helgar.
**Í hvaða stjörnumerki ertu?**
Tvíburamerkinu.
**Lífsmottóið þitt?**
Lífið er takmarkið.

# TRAUST & ÁBYRGÐ




Hversu sammála eða ósammála ertu því að RSÍ beiti sér fyrir auknu samstarfi verkalýðshreyfingarinnar, SA, ríkisvaldsins og sveitarfélaganna um lausnir á efnahagsvandanum?

Hversu vel eða illa finnst þér að Rafiðnaðarsambandið hafa staðið sig í að gæta réttinda félagsmanna sinn síðastliðna 12 mánuði?




Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með starfsemi Rafiðnaðarsambands Íslands?

**Capacent** gerði ímyndar og þjónustukönnun fyrir Rafiðnaðarsambandið í marz 2010. Úrtakið, dregið úr félagaskrá, var þúsund fullgildir félagsmenn.

**Svarhlutfall var 60.9%.**

**85% voru fastráðnir í fullu starfi,**

**10% lausráðnir eða verktakar og**

**4.3% atvinnulausir.**

Þessar tölur eru í fullu samræmi við hlutföllin í félagaskránni.




Hversu mikið eða lítið telur þú starfsöryggi þitt vera?




Hefur þú nýtt þér einhverja þá þjónustu sem Rafiðnaðarsambandið býður upp á síðastliðna 12 mánuði?




Hefur þú þurft eða þarft þú á sérstökum úrræðum að halda til að geta staðið skil á greiðslum vegna lána?




Hafa laun þín eða starfshlutfall verið skert á undanförnum 12 mánuðum vegna efnahagsþrenginga?

**RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS**

**Stórhöfða 31, 110 R., sími: 580-5200, fax: 580-5220, rafis.is**



Hlíf, íbúðir aldraðra á Ísafirði.

# Þörf á 282 hjúkrunarrýmum fyrir aldraða í NV-kjördæmi

Miðað við þarfagreiningu sem unnin var árið 2008 ætti heildarfjöldi hjúkrunarrýma fyrir aldraða í Norðvesturkjördæmi að vera 282. Þá þarf um 5-7% til viðbótar eða um 300 rými, ef yngri sjúklingar eru taldir með. Þetta kemur fram í svari Árna Páls Árnasonar, félags- og tryggingamálaráðherra, við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar þingmanns um fjölgun hjúkrunarrýma í NV-kjördæmi. Heildarfjöldi hjúkrunarrýma á landinu öllu er 2.518 rými og af þeim eru 360 rými í NV-kjördæmi, þ.m.t. Fellsendi sem hefur 26 hjúkrunarrými en þau rými eru mjög sérhæfð og ætluð geðsjúkum einstaklingum. Sé sú tala dregin frá standa eftir 334 hjúkrunarrými, þar af tæplega 90 á Vestfjörðum.

„Í fjárlögum 2009 og 2010 er ekki gert ráð fyrir nýjum rekstrarheimildum fyrir hjúkrunarrými. Ekki verður heldur séð að svo verði í fjárlögum fyrir árið 2011 og því ekki um neina raunfjölgun hjúkrunarrýma að ræða á næstunni. Hins vegar vinnur Félags- og tryggingamálaráðuneytið nú að því að flytja rekstrarheimildir milli svæða og stofnana miðað við það hvar þörfin er mest á landinu."

Ráðherra sagði að þótt hjúkrunarrýmum myndi hvorki fjölga á þessu ári né því næsta, væri samt unnið að því að bæta aðstöðu á hjúkrunarheimilum. „Má meðal annars nefna að nú er hönnun á nýju hjúkrunarheimili í Borgarnesi á lokastigi. Þegar það heimili verður risið mun aðstaða hjúkrunarsjúklinga á Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi verða allt önnur en nú er."

*– thelma@bb.is*

## HG lokað í fjórar vikur í sumar

Starfsmönnum landvinnslu Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. í Hnífsdal og á Ísafirði hefur verið tilkynnt, að vegna sumarleyfa og fyrirsjáanlegs hráefnisskorts verði landvinnslu fyrirtækisins lokað í fjórar vikur í sumar, frá 11. júlí til. 8. ágúst. Undanfarin ár hefur vinnslunni yfirleitt verið lokað í eina til tvær vikur og hefur starfsfólk þá nýtt tímann til sumarleyfa.

Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri HG, segir skort á aflaheimildum, meðal annars vegna tilflutnings á milli skipaflokka, meginorsök þess að sumarlokunin sé svo löng að þessu sinni. Af henni leiðir m.a. að fyrirtækið hefur lítið svigrúm til að ráða skólafólk í sumarvinnu í ár.

„Það er ömurlegt að standa frammi fyrir starfsfólkinu og reyna að útskýra fyrir því að það sé í raun verið að flytja atvinnu þess yfir til annarra. Það jákvæða í stöðunni hjá okkur er þó að vinnsla á rúmlega 1.000 tonnum af eldisþorski í vetur kemur í veg fyrir að við þyrftum e.t.v. að horfa til 10-12 vikna lokunar vinnslunnar í sumar," segir Einar Valur.

*– kristjan@bb.is*

## Spurningin

**Ertu búin(n) að ákveða hvað þú ætlar að kjósa í komandi kosningum?**

**Alls svöruðu 425.**
**Já sögðu 241 eða 57%**
**Nei sögðu 184 eða 43%**

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

## Helgarveðrið

**Horfur á föstudag:** Austan- og norðaustanátt með vætu, en síst þó vestanlands. Hiti víða 4-10 stig. **Horfur á laugardag:** Útlit fyrir norðan- og norðaustanátt með rigningu og jafnvel slyddu, en þurrt á Suður og Vesturlandi. Svalt í veðri. **Horfur á sunnudag:** Útlit fyrir norðan- og norðaustanátt með rigningu og jafnvel slyddu, en þurrt á Suður og Vesturlandi.

Ritstjórnargrein

# Stjórnvöld virði fyrri samþykktir

Fyrir nær ári baðst samgönguráðherra afsökunar á samgöngumálum á Vestfjörðum. Orð hans féllu á 50 ára afmæli vegslóðans yfir Dynjandisheiði. Skömmu eftir afmælisfagnaðinn skipaði ráðherrann starfshóp til að hefja undirbúning að nýjum vegi yfir heiðina. Miðað við vestfirskar heiðar er Dynjandisheiðin talin fremur snjólétt, landslag víða flatt, sem gefur möguleika á uppbyggðum vegi, þótt snjóþyngsli kunni að vera á stöku stað. Fullvíst er talið að hvergi sé snjóflóðahætta á heiðinni. Ætla mátti að þungi væri í ákvörðun ráðherrans þar sem verkinu skyldi sá stakkur sniðinn að Vegagerðin gæti lokið hönnun, mati á umhverfisáhrifum og öðrum undirbúningsþáttum, það tímanlega að unnt yrði að hefja framkvæmdir við lagningu nýs vegar yfir Dynjandisheiði í beinu framhaldi af gerð jarðganga milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Síðla árs 2009 lá fyrir að undirbúningur jarðgangagerðarinnar miðaðist við að hægt yrði að bjóða verkið út á árinu 2010, enda fyrir því mælt í gildandi samgönguáætlun „að göng verði gerð á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar á árunum 2011 til 2014."

Öðrum fremur þarf ekki að tíunda fyrir Vestfirðingum að sitthvað hafi farið út af sporinu í þjóðfélaginu frá því samgönguáætlunin var gerð. Þeir hafa aldrei farið varhluta af því þegar stjórnvöld hvers tíma hafa talið að ekki yrði hjá því komist að herða sultarólina. Slík boð hljóma þeim kunnuglega í eyrum. Vestfirðingar eru trúlega einir um að hafa fengið opinberlega afsökunarbeiðni á vanrækslu stjórnvalda í samgögnumálum. Og áreiðanlega hafa þeir einir mátt búa við þá vanvirðu að (sömu) fyrirhugaðar vegaframkvæmdir væru slegnar út af borðinu, ýmist vegna ofþenslu eða samdráttar í hagkerfinu!

Og nú er búið að bregða hnífnum á Dýrafjarðargöngin. Enn eina ferðina á að láta reyna á þolrif Vestfirðinga; enn eina ferðina upplifa þeirra markleysi orða stjórnvalda um þéttbýliskjarna á Vestfjörðum og sjá um leið hugmyndir um fjórðunginn sem eitt stjórnsýlsu- og atvinnusvæði renna út í sandinn.

Að auki: Flest bendir til að áfram munu 500 milljónir króna fara ár hvert í súginn vegna ástandsins í raforkumálum á Vestfjörðum og Vestfirðingar þar með vera útilokaðir frá allri samkeppni um að laða til sín orkufrek fyrirtæki sem og að auka möguleika þeirra sem fyrir eru.

Tilvísun samgönguráðherra í nýja samgönguáætlun fyrir árin 2011 til 2022 er léttvæg í hugum Vestfirðinga. Það eru tólf ár í lokaár þeirrar áætlunar. Þau verða samfélaginu dýrkeypt lendi jarðgöngin á vanrækslusvæðum.

Vestfirskir sveitarstjórnarmenn hafa sett fram fullgild rök fyrir því að staðið verði við fyrri áætlanir um gerð Dýrafjarðarganga. Stjórnvöldum ber að virða þau.

*s.h.*

**Útgefandi:** Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is,* Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, *kristjan@bb.is.* **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Samkaup úrval góðir grannar

...sjá öll tilboð á **samkaupurval.is**

Sparnaðartilboð helgarinnar **13. - 16. maí**

## Fersk ber:

**Góð kaup!**

**454** kr. pk. Brómber, **125g**
**629** kr. pk. Hindber, **125g**
**244** kr. pk. Jarðarber, **250g**
**419** kr. pk. Rifsber, **125g**

**989** kr. pk. Kalkúnabollur
lausfrystar, 800g, frá **Ísfugli**

**1.298** kr. pk. Bringur, 900g
**999** kr. pk. Lundir, 700g

**1.119** kr. kg Lambalæri, heilt
úr kjötborði eða pakkað ferskt

**1.945** kr. kg Roast Beef
kryddað innralæri, frá **Goða**

**296** kr. pk. Fryst grænmeti
hollensk blanda, 750g, frá **Coop**

**1.358** kr. kg Lambaframhr.bitar
úr kjötborði eða pakkaðir ferskir

**1.989** kr. kg Lambakótilettur
á grillið, frá **Kjötseli**

**397** kr. pk. Kartöflubátar
900g, frá **Coop**

**3.499** kr. kg Lambalundir
úr kjötborði eða pakkaðar ferskar

**1.989** kr. kg Lambalærissneiðar
á grillið, ferskar eða BBQ, frá **Kjötseli**

**199** kr. stk. Ávaxtasafi
1 lítri, frá **Coop**

...einstök þjónusta **í góðum verslunum**

P & Ó Birt með fyrirvara um prentvillur.

# Flugslysaæfing á Ísafjarðarflugvelli

Eldar, bílhræ og slasaðir einstaklingar blöstu við á Ísafjarðarflugvelli á laugardag en um reglubundna flugslysaæfingu var að ræða. „Æfingin heppnaðist í alla staði vel. Markmiðið var ekki að vera í kapphlaupi við tímann, þó auðvitað reyni menn að vera ekki of lengi að hlutunum, heldur var meira lagt upp úr því að menn væru að gera hlutina rétt og læra af þeim," segir Arnór Magnússon, umdæmisstjóri Flugstoða á Vestfjörðum. Um 200 manns tóku þátt í æfingunni, bæði frá Ísafirði og nágrannasveitarfélögum. Sett var á svið slys á Fokker 50 með 48 manns með áhöfn og umhverfi slysstaðar gert eins raunverulegt og hægt var. Tilgangurinn var að undirbúa viðbragðsaðila fyrir hópslys. „Það er nauðsynlegt að halda svona æfingu því það lærist alltaf eitthvað á því. Síðasta æfing var árið 2004 og nú var notað við samskiptin Tetrakerfið sem tengt er við Neyðarlínuna. Það kom ekkert upp á og þetta gekk vel," segir Arnór.

Mikil áhersla er lögð á að undirbúningur og framkvæmd hverrar æfingar fyrir sig sé fyrst og fremst á könnu heimamanna því tilgangurinn er að þjálfa fólk í að takast á við þær aðstæður sem upp koma við raunverulegt flugslys eða hópslys. „Svona æfing er mjög mikið batterí sem krefst margra mánaða undirbúninga. Svo er hver eining með sína eigin viðbragðsáætlun sem æfðar eru reglulegar, í svona æfingu er svo reynt að samræma þessar viðbragðsáætlanir. Þær taka stöðum breytingum þar sem stöðugt bætist í sarpinn ný þekking og reynsla," segir Arnór.

Flugverndar- og björgunardeild Isavia (áður Flugstoða) hefur yfirumsjón með flugslysaæfingum á Íslandi. Ýmsir aðilar koma að æfingunum fyrir utan Isavia en að mörgu er að hyggja ef flugslys verður í raunveruleikanum. Samstarfsaðilar Isavia eru fyrst og fremst heimamenn, þ.e. þeir sem sjá um að æfingin fari fram, svo eru ýmsir samstarfsaðilar eins og Ríkislögreglustjóri, Rauði Krossinn, Landsspítali háskólasjúkrahús, Slysavarnarfélagið Landsbjörg, Slökkviliði Akureyrar, Rannsóknarnefnd flugslysa, Landhelgisgæslan, Biskupsstofa, Neyðarlínan og fleiri.

Eftir flugslysaæfingu er flugslysaáætlun gefin út þar sem niðurstöður og lærdómsatriði æfingarinnar eru dregin saman. Meðfylgjandi myndir voru teknar á æfingunni.

# Fannst ég hafa himin hö
# tekið þegar ég fékk starfið á

## – í þessu viðtali fjallar Hallgrímur Hróðmarsson framhaldsskólakennari um Menntaskólann á Ísafirði og veruna þar, ræðir veikindi sín á opinskáan hátt og gerir upp við hrunverjana

Hallgrímur Hróðmarsson framhaldsskólakennari er í þann veginn að flytjast frá Ísafirði eftir sjö ára starf sem raungreinakennari við Menntaskólann á Ísafirði. Hann er að fara á eftirlaun eftir áratuga kennslu við ýmsa framhaldsskóla og víðar og hyggst nú setjast að á æskuslóðum sínum í Hveragerði. Árin hans sjö hér vestra hafa í heildina verið góð þrátt fyrir langvinna baráttu við geðhvarfasýki, sem hann greinir frá í þessu spjalli. Áður gekk ekki alltaf eins vel og um tíma fékk hann hvergi vinnu við framhaldsskóla, ekki fyrr en hann sótti um á Ísafirði og komst í örugga höfn. Í þessu viðtali fjallar hann um Menntaskólann á Ísafirði og starfið þar, veikindi sín og alvarlegar afleiðingar þeirra, og jafnframt hefur hann sterkar skoðanir á þeim hremmingum sem íslenskt þjóðfélag hefur gengið í gegnum síðustu árin og ástæðum þeirra. Hallgrímur var í fyrstu frábitinn því að koma í viðtal en féllst síðan á það eftir langa umhugsun.

„Þegar ég fékk loksins jákvæðar móttökur við umsókn um starf við Menntaskólann á Ísafirði fannst mér ég hafa himin höndum tekið“, segir Hallgrímur, „því að þá var ég kominn aftur á réttan stað, að mér fannst. Ólína skólameistari gaf mér þetta tækifæri. En svo tók það mig ekki nema eina önn að átta mig á því, að á þessum vinnustað var hernaðarástand í uppsiglingu, þetta var ekki heilbrigður og manneskjulegur vinnustaður og síst heppilegur fyrir mann með geðhvarfasýki. Þetta var lítið skólasamfélag og það hefði einhver þurft að grípa inn í miklu fyrr þegar allt var að sigla í strand, alveg eins og hefði þurft að gera í þessu stóra samfélagi okkar í dag. Einhver hefði þurft að segja: Hingað og ekki lengra. En það gerði enginn.

Þegar ég pæli í þessu, þá finnst mér að góðir stjórnendur séu þeir sem ræða hlutina, hlusta á skoðanir allra og meta þær. Það er mjög nýtilegt í skipulagningu og sameiginlegum ákvörðunum á vinnustöðum. Margir stjórnendur falla í þá gryfju að *stjórna* og þá er voðinn vís. Án samráðs drífa þeir í framkvæmdum, oft með mjög góðar hugmyndir, en hljóta svo ekki vinsældir samstarfsfólksins af því að það var ekki haft með í ráðum og þurfa sjálfir að þola ýmsar kárínur vegna slæmrar skipulagningar. Við eigum hvorki Rudolf Steiner né Wolfgang Edelstein meðal skólastjórnenda en við getum þegið ráð frá þeim til að byggja upp lýðræðisleg og mannleg samfélög í þessum litlu einingum sem skólarnir eru, þar sem allir eru virkjaðir.“

### Verknámsaðstaðan til fyrirmyndar

„Mér þykir ákaflega vænt um þessa stofnun, Menntaskólann á Ísafirði. Ég er að yfirgefa hann núna, þetta er síðasta önnin mín. Sérstaklega finnst mér þetta góður verknámsskóli. Hér er góð aðstaða, algerlega til fyrirmyndar. Mjög brýnt er að raungreinar verði efldar við skólann og hann auglýstur sem raungreinaskóli.

Hér er hægt að kynna græna orku, virkjun sjávarfalla, nýtingu metangass og jafnvel vetnis og leggja áherslu á að kanna og kynna lífríkið á Vestfjörðum. Við þurfum einnig að skoða sjávarauðlindirnar sem við höfum hér. Við þurfum svo líka að fara í þjóðfræðina og söguna. Allt þetta myndi stuðla að því að hægt væri að gera Menntaskólann á Ísafirði einnig að raunverulegum ferðamennskuskóla.“

### Dansinn kringum gullkálfinn

„Ég er afskaplega stoltur af nemendum mínum. En í ljósi þess sem hefur verið að gerast í samfélaginu undanfarið er maður svekktur yfir því hversu margir hafa farið að dansa kringum gullkálfinn. Okkar bestu vísindamannsefni voru keypt inn í fjármálastofnanirnar með ofurlaunum, vel menntaðir eðlisfræðingar og stærðfræðingar. Mér finnst fólkið sem fór inn í bankana skulda okkur skýringar á því hvað það var að gera þarna. Þeir sem töldust á pappírnum vera eigendur bankanna voru hins vegar ómenntaðir og gráðugir og manni liggur við að segja siðblindir menn.

Unga og menntaða fólkið sem fór inn í bankana skuldar okkur skýringar á því hvers vegna það var að taka þátt í að búa til svikamyllur þar sem allir áttu að geta grætt. Svo þegar á endastöð er komið fellur þetta allt eins og dómínókubbar. Við verðum að endurmeta á hvað við leggjum áherslu. Unga fólkið okkar þarf að fara í vísindastörf og þess vegna þurfum við að leggja meiri áherslu á raungreinar. Þar getur okkar mannauður notið sín og þar liggur okkar framtíð.“

### Tölvuvæddar mælingar í raungreinum

„Núna á undanförnum árum hef ég komið talsvert að því hér við skólann að tölvuvæða mælingar í eðlisfræði og efnafræði. Með þessu höfum við verið að koma nútímalegri blæ á tilraunirnar og kynna nemendum hvaða kosti tölvan hefur í þessum efnum.

Eftir því sem við kynnumst tölvunni betur öðlumst við meiri skilning á því hvað við græðum á því að nota hana. Núna er búið að koma upp nokkuð góðum tækjakosti, bæði í efnafræði og eðlisfræði. Þar eru bæði þessi nýju tölvutengdu mælitæki og ekki síður gömlu góðu mælitækin sem eru kannski svolítið nær okkur og nær nemendum.

Sem dæmi um skemmtilega tilraun nefni ég segul sem fellur í gegnum tvær spólur og við það skráist línurit af straumnum sem myndast í spólunum. Hugmynd að henni var komin frá Jóni Reyni Sigurvinssyni skólameistara.“

### Nemendur gefast upp

„Það hefur verið mikið rætt meðal kennara að nemendur velja sig frá erfiðum áföngum. Þegar þeir koma í skóla má skipta þeim gróflega í þrjá hópa: Það eru þeir sem fara á iðn- og starfsbrautir, þeir sem fara á félagsfræðibraut og þeir sem fara á náttúrufræðibraut.

Ég þekki mest til nemenda á efri stigum náttúrufræðibrautar. En ég hef fylgst með því að það útskrifast mun færri af brautinni heldur en gera mátti ráð fyrir út frá vali nemenda í byrjun. Það er eins og nemendur skauti framhjá erfiðum áföngum brautarinnar ef þeir lenda á einhverri fyrirstöðu. Var ekki meira um það hér áður fyrr að nemendur færu aftur í áfanga sem þeir féllu í og stæðu sig með glans í seinna skiptið?“

### „Óalandi og óferjandi“

Hallgrímur hefur kennt við Menntaskólann á Ísafirði frá 2003. „Mér fannst ég hafa himin höndum tekið þegar ég kom hingað því að ég var búinn að eiga í talsverðum erfiðleikum árin á undan. Ég hafði veikst heiftarlega af geðhvörfum (mania depression) og var nánast frá vinnu í tvö ár, en þá var ég kennari við Menntaskólann að Laugarvatni. Þetta setti afskaplega slæman blett á feril minn. Ég þurfti að hætta á Laugarvatni. En menn hafa ákveðinn veikindarétt og ég var alltaf innan þeirra marka, þannig að þegar menn vildu losna við mig þurftu þeir að gera við mig starfslokasamning.

Eftir þetta reyndi ég mikið að komast að við aðra framhaldsskóla en það gekk einfaldlega ekki. Þegar þú hefur fengið á þig það orð að þú sért óalandi og óferjandi, þá er rosalega erfitt að brjótast út úr því. Í millitíðinni réð ég mig til Ólafsvíkur til kennslu við grunnskólann þar og það var mjög lærdómsríkur tími. Ég var þar í tvö ár og kynntist því hvað nemendur eru að gera í grunnskólanum í stærðfræði og raungreinum. En ég er ekki kennari sem heldur uppi miklum aga. Ég er frekar til taks ef fólk vill læra hjá mér.“

### Reynslan af gleðipillunum

– Hefurðu verið haldinn geðhvarfasýki alla tíð?

„Nei, ekki svo að ég hafi áttað mig á því. Aftur á móti var ein vinkona mín búin að átta sig á því að þegar ég var undir miklu álagi, þá sló út í fyrir mér. Það var hins vegar ekkert gert í því á þeim árum. Þetta var upp úr 1970. Fólk var ekki svo opið í slíkum samskiptum á þeim tíma að hún sagði mér ekki frá því fyrr en mörgum árum seinna. Ég var í sambúð og kvæntur í sjö ár og konan mín rak mig til heimilislæknisins því að henni fannst ég vera orðinn svo dapur. Hann gaf mér þrjátíu gleðipillur og sagði mér að taka eina á dag og koma svo til sín aftur.

Eftir um fimmtán pillur var ég gersamlega kominn upp í loft. Ástandið á heimilinu varð óþolandi og mér fannst allir í kringum mig vera vitlausir, ég var frekur og önugur. Svo loksins fer ég aftur til læknisins og hann sagðist aldrei hafa kynnst slíku. Þessi geðlyf hafa svo mismunandi áhrif á fólk. Það verður að fylgjast vel með þegar verið er að gefa fyrstu skammtana. Ég var bara svona rosalega viðkvæmur fyrir þessu. Ég fór í slíka uppsveiflu að ég þurfti að leggjast inn og hætta að taka þessar gleðipillur. Eftir það fór ég síðan í rosalega niðursveiflu. Þetta var 1991 og eftir þetta fór ég í svona sveiflur einu sinni á ári og þær stóðu í hálfan til heilan mánuð. Seinni árin hefur þetta síðan rjátlast af mér og ef ég passa mig get ég komið í veg fyrir sveiflur.“

### Að taka ráðleggingum

– Að hverju ber helst að gæta í þessum efnum?

„Það er svo mikilvægt þegar maður er með þennan sjúkdóm, að þekkja einkennin og taka við ráðleggingum. Það eru vinir manns sem segja: Það er eitthvað að, og þá þarf að setjast niður og reyna að endurmeta hvað eigi að gera. Þá hef ég samband við lækni og yfirleitt fer ég nákvæmlega eftir því sem læknirinn segir. En ef ég missi tökin, þá fer ég ekki einu sinni eftir því sem læknirinn segir.

Slíkt hefur einu sinni gerst eftir

# in höndum
# rfið á Ísafirði



veikindin mín á Laugarvatni. Þá var svolítið brosleg ástæða fyrir því að ég veiktist. Þessu stríðsástandi í skólanum hér á Ísafirði var lokið og kominn nýr skólameistari og málin farin að þróast á betri veg. Ég var með talsvert mikla kennslu þessa önn og mig langaði að taka þátt í uppfærslu Litla leikklúbbsins á Skugga-Sveini eftir Matthías Jochumsson. Hrafnhildur Hafberg fann handa mér lítið hlutverk sem ég þurfti lítið að hafa fyrir. Ég var með mikla yfirvinnu þessa önn og ætlaði því bara að taka að mér lítið hlutverk.“

## Galdra-Héðinn og sloppurinn

„Þarna lék ég Galdra-Héðin, sem er alveg magnaður persónuleiki, og ég lifði mig alveg inn í hlutverkið. Ég *var* einfaldlega Galdra-Héðinn. Í minn hlut kom líka að semja sönginn sem hann söng þegar hann flutti galdraþuluna sína. Svo einn daginn er mér kúplað út úr þessu hlutverki og kominn stór leikari í staðinn, Þröstur Ólafsson. Ég mátti ekki lengur vera Galdra-Héðinn.

Síðan var mér líka kúplað út úr kennslunni á þessum tíma. Mér var sagt að ég væri orðinn eitthvað skrítinn. Það hafði sést til mín niðri í eðlisfræðistofu þar sem ég var íklæddur þykkum slopp utan yfir fötin mín. Ég gaf þá skýringu að það væri svo kalt í eðlisfræðistofunni og þess vegna hefði ég farið í sloppinn. En þetta þótti ekki við hæfi og mér var kúplað út. Eftir japl og jaml og fuður var ég fluttur á geðdeild Landspítalans.

Það var afskaplega gott að koma þangað. Það er alltaf ákaflega gott að koma á Klepp og á geðdeild Landspítalans. Þarna sest maður niður og talar við fólk sem líður eins og manni sjálfum. Það eina sem þarf að passa sig á er að setjast ekki þarna að til langframa og það er akkúrat það sem hefur haldið mér gangandi. Ég hef alltaf staðið upp eftir viku, tvær vikur eða í mesta lagi eftir mánuð, og sagt: Nú fer ég héðan, ég ætla ekki að sitja hér til frambúðar. Það eru svo margir vinir mínir sem hafa fengið örorkumat og það er svo þægilegt að sitja með þetta mat og taka ekki þátt í hinum raunverulega heimi.“

## Þrenn stórfelld mistök

Hallgrími eru samfélagsmálin hugleikin. Hvaða skýringar hefur hann á þeim óförum sem íslenskt samfélag hefur mátt ganga í gegnum síðustu árin?

„Það er þrennt sem mér finnst vera undirrótin að því sem hefur verið að gerast. Það eru þrenn stór mistök sem hafa verið gerð í samfélaginu. Í fyrsta lagi upptaka kvótakerfisins, í öðru lagi einkavæðing bankanna og í þriðja lagi 100% lánin til íbúðakaupa.

Þarna voru væntanlega góð áform að baki en það vantaði ábyrga framkvæmd. Hvaða vit er annars í því að veita 100% lán til að kaupa íbúð?“

## Ekki benda á mig

„Tveir menn skera sig úr í viðbrögðum við skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis“, segir Hallgrímur. „Það eru Davíð og Ólafur Ragnar. Báðir eru þeir „fyrrverandi“ stjórnmálamenn og báðir léku þeir stór hlutverk í útrásinni, bankahruninu og aðdraganda þess. Þeir eru ekki tilbúnir að axla ábyrgð – þess í stað detta þeir út úr hlutverkunum og hrína: Ekki benda á mig! Að sjálfsögðu kemur þetta ekki á óvart – mörgum hefur verið ljóst hve andlega skyldir þessir „stjórnmálamenn“ voru og eru.

Ólafur Ragnar sýndi ákveðinn kjark með því að vísa lögunum um Icesave til þjóðarinnar – var það skynsamlegt? Um það má deila en Ólafur græddi nokkur prik á því. Sýnir Ólafur aftur að hann er kjarkaður og axlar ábyrgð af gjörðum sínum með útrásarvíkingunum? Hann myndi vinna sér inn prik hjá mér með því.“

## Ný vinnubrögð á Alþingi

„Hvað græddum við á búsáhaldabyltingunni? Jú, við komum duglausri ríkisstjórn frá völdum og við steyptum „heilum“ seðlabankastjóra af stalli. En góður vinur minn sem kaus Borgarahreyfinguna svarar þessari spurningu raunamæddur: „Við komum líka þremur til fjórum

hálfvitum á þing."

Vissulega hafa orðið mikil mannaskipti á þinginu en því miður eru sömu vinnubrögðin viðhöfð og áður. Krafan um sterka foringja er enn mjög hávær hjá flokkunum. Og áður en við vitum af verður búið að ala upp nýjan Davíð og nýjan Halldór og nýja Ingibjörgu. Og í flokkunum verður aftur kosið í takt við flokkshagsmuni en hagsmunir kjósenda látnir lönd og leið. Þingmenn eru kosnir í því augnamiði að láta samvisku sína ráða för. En það er ekki ráðlegt þegar þarf að sýna fram á „styrk" stjórnar og stjórnarandstöðu."

## Vantar ekki foringja sem „stjórna"

„Dæmi um þetta var kosningin um hvort leita ætti eftir inngöngu í ESB – sjá hvað okkur byðist. Við vitum ekki enn í dag hver raunveruleg afstaða þingmanna var til málsins. Nei, því það var svo mikilvægt að sýna fram á að stjórnin hefði ekki meirihluta fyrir málinu. Stærstum hluta þingmanna var gert að ganga í takt til atkvæðagreiðslunnar – hvað svo sem samvisku þeirra leið. Þeir voru knúnir til að láta flokkshagsmuni ráða ferðinni.

Okkur vantar ekki foringja sem *stjórna* – okkur vantar miklu fremur foringja sem ræða hlutina, hlusta á mismunandi skoðanir, leggja línurnar út frá hagsmunum sem flestra og taka ákvarðanir að vel athuguðu máli. Að sjálfsögðu þurfa þeir á stundum að vera skjótir og öruggir í vinnubrögðum."

## Nýja tegund þingmanna

„Þingmenn eru nú hver á fætur öðrum að segja sig frá þingmennsku tímabundið – það vantar alla reisn yfir þetta. Við þurfum fleiri þingmenn eins og Atla Gíslason og Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur. Þau eru bæði vel menntuð og reynd. Þau hafa heilbrigðar skoðanir og geta rökrætt þær á mannamáli.

Sigríður Ingibjörg var einmitt kosin í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík af því að hún axlaði ábyrgð þegar hún sagði sig úr stjórn Seðlabankans og hvatti til aðgerða. Og mér vitanlega fékk hún ekki margar milljónir frá bönkunum til sinnar prófkjörsbaráttu."

## Garðyrkjustörf í Hveragerði

Hallgrímur Hróðmarsson er úr Hveragerði eins og áður kom fram. „Móðir mín, Ingunn Bjarnadóttir, og faðir minn, Hróðmar Sigurðsson, fluttu frá Hornafirði til Hveragerðis árið 1947, árið áður en ég fæddist, og þar var ég búsettur fyrstu 24 ár ævi minnar þó að ég væri fjarri í skóla á vetrum. Ég var í landsprófi í Reykholti og síðan í Menntaskólanum að Laugarvatni í fjögur ár og svo tók háskólanámið við.

Ég var á sumrin heima í Hveragerði og stundaði mikið garðyrkju, lengst af hjá Hallgríma Egilssyni á Grímsstöðum. Það var afskaplega góð gróðrarstöð sem seldi sumarblóm og fjölærar jurtir, tré og runna. Þetta var mjög notalegt samfélag sem maður upplifði þarna. Þetta var uppskerutíð og unnið frá sjö á morgnana til tólf á kvöldin. Hallgrímur var þekktur á þessum tíma fyrir að sigla með blóm hringinn í kringum landið. Ég fékk að fara með honum síðustu tvær ferðirnar sem hann fór til Eyja. Hann fór alltaf þangað fyrir Þjóðhátíð og færði Eyjamönnum blóm."

## Launin undir fátæktarmörkum í Danmörku

Eftir stúdentspróf fór Hallgrímur í Háskóla Íslands og lauk þar BA-prófi í eðlisfræði, stærðfræði og efnafræði. „Nokkuð mörgum árum seinna fór ég í framhaldsnám til Árósa og var þar í eitt og hálft ár og á mjög skemmtilegar minningar frá þeim tíma. Þá var ég kvæntur og önnur fósturdóttir mín var með okkur úti en hin var heima á Íslandi.

Þetta er eiginlega í eina skiptið sem ég hef getað lifað af strípuðum kennarataxta. Ég var í launuðu kennaraorlofi og fékk borguð grunnlaun en enga yfirvinnu. Auk þess fékk ég styrk frá danska ríkinu vegna þess að grunnlaun menntaskólakennara á Íslandi voru undir fátæktarmörkum hjá þeim. Á þeim tíma og enn í dag eru laun kennara í Danmörku og á Norðurlöndum yfirleitt tvöfalt hærri en hér á Íslandi."

## Að njóta lífsins

– Hvað hyggstu fyrir nú þegar þú ferð á eftirlaun og sest að á þínum æskustöðvum í Hveragerði og hvers vegna ferðu þangað?

„Ég kemst í meiri nálægð við fjölskyldu mína. Mig langar reyndar að sækja um einhverja smávegis kennslu. Þó að ég sé kominn á eftirlaun má ég kenna allt að hálfri kennslu í framhaldsskóla. Það væri ekki verra ef ég fengi eitthvert slíkt starf eða þá bara að hjálpa einstökum nemendum.

Svo er bara að njóta lífsins. Það er gott leikfélag í Hveragerði sem hefur sett upp mörg góð stykki og fengið mjög góða dóma. Ég vona að ég nýtist þar á einhvern hátt. Svo er einhver besta sundlaug á landinu í Hveragerði. Þar eru líka afskaplega fallegar gönguleiðir í grenndinni. Ég hef gaman af bæði sundi og göguferðum."

*– Hlynur Þór Magnússon.*

# Rekstur hefjist sem allra fyrst

Bæjarráð Bolungarvíkurkaupstað telur að stærsta tækifærið sem Bolvíkingar eiga í atvinnumálum núna sé að rekstur verði hafinn sem allra fyrst í rækjuvinnslu þrotabús Bakkavíkur. Þetta kom fram á fundi bæjarráðs í síðustu viku. Þar segir að rækjuvinnslan sé án efa með fullkomnustu verksmiðjum sinnar tegundar í heiminum.

„Bæjarráð hefur þegar fundað með forstjóra og stjórnarformanni Byggðastofnunar vegna málsins. Á þeim fundi kom fram skýlaus vilji Byggðastofnunar að vinna að því að starfsemi hefjist að nýju sem allra fyrst í verksmiðjunni, en Byggðastofnun er stærsti kröfuhafinn í eignir Bakkavíkur og mun gegna lykilhlutverki við endurreisn verksmiðjunnar," segir í bókun ráðsins. *– kristjan@bb.is*

**Forsíðumyndin í ár er af Unu Salvöru Gunnarsdóttur í fjörunni við Hvestu í Arnarfirði. Ljósm. Rúnar Óli Karlsson.**

# Ferðablaðið Vestfirðir 2010 komið út

Ferðablaðið Vestfirðir sumarið 2010 er komið út og verið er að dreifa því á upplýsingamiðstöðvar, bensínstöðvar og aðra áningarstaði ferðafólks. Blaðið, sem áður hét *Á ferð um Vestfirði*, kemur nú út sextánda sumarið í röð. Meðal fjölbreytts efnis í blaðinu má nefna umfjöllun um silungsveiði á Hornströndum, ávarp forseta Íslands um hina heillandi vestfirsku veröld og vitnisburð um myndun Dýrafjarðar við upphaf ísaldar.

Blaðið liggur að venju frammi án endurgjalds á viðkomustöðum ferðafólks og víðar um land allt. Efnisvinnsla var í höndum Hlyns Þórs Magnússonar sem ásamt Sigurjóni J. Sigurðssyni ritstýrði blaðinu. *– thelma@bb.is*

# Bolungarvíkurkaupstaður

## *Auglýsing um framboð vegna sveitarstjórnarkosninga 29. maí 2010*

**Eftirtaldir tveir listar bárust yfirkjörstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir lok framboðsfrests vegna sveitarstjórnarkosninga sem fram fara þann 29. maí 2010 og hafa verið úrskurðaðir gildir.**

### D listi sjálfstæðismanna og óháðra

| | | |
|---|---|---|
| 1. Elías Jónatansson | Grænuhlíð 19 | Bæjarstjóri |
| 2. Anna Guðrún Edvardsdóttir | Hjallastræti 22 | Bæjarfulltrúi og doktorsnemi |
| 3. María Elísabet Jakobsdóttir | Vitastíg 25 | Fjölmiðlafræðingur |
| 4. Baldur Smári Einarsson | Völusteinsstræti 13 | Bæjarfulltrúi og viðskiptafræðingur |
| 5. Víðir Benediktsson | Völusteinsstræti 12 | Vélvirki |
| 6. Guðbjartur Jónsson | Hjallastræti 38 | Útgerðarmaður |
| 7. Sunna Reyr Sigurjónsdóttir | Ós | Bóndi |
| 8. Helena Hrund Jónsdóttir | Skólastíg 12 | Hjúkrunarfræðingur |
| 9. Benedikt Sigurðsson | Hlíðarvegi 15 | Sundþjálfari og veðurath.maður |
| 10. Guðrún Valdís Benediktsdóttir | Bakkastíg 6b | Verslunarmaður |
| 11. Hafþór Gunnarsson | Holtabrún 12 | Pípulagningameistari |
| 12. Þóranna Þórarinsdóttir | Holtabrún 7 | Skrifstofumaður |
| 13. Sigurgeir Steinar Þórarinsson | Hlíðarstræti 11 | Skipstjóri |
| 14. Ólafur Kristjánsson | Vitastíg 20 | Fyrrverandi bæjarstjóri |

### K listi Bæjarmálafélags Bolungarvíkur

| | | |
|---|---|---|
| 1. Ketill Elíasson | Traðarstíg 1 | Fiskeldisfræðingur |
| 2. Jóhann Hannibalsson | Hanhóli | Bæjarfulltrúi og bóndi |
| 3. Ylfa Mist Helgadóttir | Vitastíg 12 | Starfsmaður við aðhlynningu |
| 4. Arnþór Jónsson | Geirastöðum | Véltæknifræðingur |
| 5. Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir | Bakkastíg 6a | Tölvunarfræðinemi |
| 6. Kristrún Hermannsdóttir | Grundarhóli 1 | Húsmóðir og sjúkraþjálfari |
| 7. Roelof Smelt | Þjóðólfsvegi 9 | Tölvunarfræðingur |
| 8. Birna Hjaltalín Pálmadóttir | Þjóðólfsvegi 9 | Æskulýðsfulltrúi |
| 9. Lárus Benediktsson | Holtabrún 17 | Verkamaður og formaður VSB |
| 10. Gunnar Sigurðsson | Hólsvegi 6 | Skrifstofustjóri |
| 11. Matthildur Guðmundsdóttir | Hólsvegi 7 | Bankastarfsmaður |
| 12. Sigurður Guðmundur Sverrisson | Hlíðarstræti 22 | Vegavinnuflokkstjóri |
| 13. Elías Ketilsson | Þjóðólfsvegi 3 | Útgerðarmaður |
| 14. Birna Hjaltalín Pálsdóttir | Þjóðólfsvegi 5 | Húsmóðir |

**Bolungarvík, 9. maí 2010**
**Yfirkjörstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar,**
**Sólrún Geirsdóttir,**
**Ingibjörg Vagnsdóttir,**
**Pálína Jóhannsdóttir.**

# „Ómissandi konsert fyrir alla sem unna söng“

**Kristján Jóhannsson óperusöngvari og söngvinir hans halda stórtónleika á Ísafirði á laugardag. Kristján hélt eftirminnilega tónleika í Háskólabíói á síðasta ári í tilefni 30 ára söngafmælis síns. Nú heldur hann ásamt vinum sínum út á land. Íslendingar hafa fylgst með afrekum Kristjáns í óperu- og tónlistarhúsum um víða veröld. Nú er hann kominn aftur heim og mun dvelja hér næstu tvö árin. Kristján kennir um þessar mundir í söngskóla Sigurðar Demetz og hefur haldið masterclassa í Söngskólanum í Reykjavík fyrir næstu kynslóð söngvara. „Kristján á þá ósk heitasta að koma fleiri Íslendingum á framfæri og sjá þá ná árangri á alþjóðlegum vettvangi óperuheimsins,“ segir á midi.is þar sem miðasala á tónleikana fer fram, en einnig er hægt að kaupa miða í Bókahorninu í Neista á Ísafirði. Það er orðinn dágóður tími frá því að Kristján steig síðast á svið á Ísafirði. „Ég kom með pabba mínum [Jóhanni Konráðssyni stórsöngvara á Akureyri, innsk. blm.] þegar ég var að stíga mín fyrstu skref í söng bæði erlendis og á Íslandi. Þá hafði ég verið tvö ár í námi en var kominn upp á svið, þetta var áreiðanlega 1978. Ég hef ekki sungið á Ísafirði síðan, fyrir utan hvað ég söng í jarðarför tengds manns í vetur. Ég hef því ekki komið vestur til að syngja í 32 ár þótt ég hafi komið sem ferðamaður. Ég söng á Patreksfirði um daginn og fékk hreint út sagt þvílíkar viðtökur að ég var í skýjunum. Ég var þá beðinn um að koma einnig til Ísafjarðar og ég hélt að það væri lítið mál.“ Kristján á ættir að rekja til Ísafjarðar. „Meðal annars bjó langamma mín heitin, Ingibjörg Sigurðardóttir, allan sinn aldur á Ísafirði. Konan mín er Ísfirðingur. Hún fæddist þar og bjó þar til þriggja ára aldurs. Ég á því mikið af góðu og tengdu fólki fyrir vestan úr báðum ættum. Móðir hennar er Rannveig Guðmundsdóttir, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, og faðir hennar er Sverrir Jónsson sem er ættaður frá Flateyri, sonur Jóns H. Guðmundssonar skólastjóra á Ísafirði. Þetta eru því stórar ættir á Ísafirði og því hljóta að koma á tónleikana allir sem vettlingi geta valdið innan þeirra.“**

## Nýgræðingar og gamall jaxl

**„Ég vænti mikils af tónleikunum á laugardaginn. Sjálfur er ég í góðu formi sem ég held við í gegnum kennsluna. Ég er því syngjandi daginn út og inn. Með í för verða nokkrir nýgræðingar sem eru hreint frábærir talentar og ég veit að það verða margir undrandi að sjá á hversu góðan standard þeir eru komnir. Það ætti því að vera skemmtileg blanda að sjá nýgræðingana og gamla jaxlinn syngja. Svo myndi ég segja að við munum flytja það yndislegasta sem til er í söngbókmenntum. Það verður úrval úr öllum áttum, frá íslenskum yfir í erlend verk. Það ætti því enginn að fara svikinn frá þessum tónleikum. Við erum að minnsta kosti mjög spennt að koma fram. Ég vona að Ísfirðingar séu eins spenntir að heyra í mér aftur. Þetta var mjög gaman fyrir 32 árum. Við vorum í gamla Alþýðuhúsinu. Pabbi var þá löngu dáður af Ísfirðingum sem og öðrum landsmönnum. Það var því gott að hafa svona reynslubolta eins og hann með sér þá. Rétt eins og krakkarnir með mig núna,“ segir Kristján og hlær dátt. „Sumir fitjuðu pínulítið upp á nefið að heyra að við yrðum í íþróttahúsinu en ég er líka í mjög góðu sambandi við fólkið**

**í kirkjunni, ég var bara svo bjartsýnn að ég þyrfti að fá fleiri 300 sæti. Ég ætla að leyfa mér að vera bjartsýnn á að það gangi upp. Þessi konsert er eitthvað sem fólk ætti ekki að missa af, þetta er algjörlega málið fyrir þá sem unna fallegum söng."**

**– Svo er aldrei að vita hvort maður þurfi að bíða aftur í nánast aldarþriðjung að heyra í þér syngja á Ísafirði?**

**„Þá verð ég nú áreiðanlega löngu steindauður," segir Kristján hlæjandi.**

**Ásamt Kristjáni koma fram tenórarnir Rúnar Þór Guðmundsson og Birgir Óskarsson, Kristján Ingi Jóhannesson bassi og sópransöngkonurnar Erla Káradóttir, Hanna Þóra Guðbrandsdóttir og Lilja Guðmundsdóttir. Allir söngvararnir nema Lilja Guðmundsdóttir hafa verið í söngnámi hjá Kristjáni en Lilja er dóttir og stolt hinnar þekktu söngkonu Diddúar sem kemst ekki. Undirleikari á píanó verður Aladár Rácz.**

**„Þetta er skemmtilegur hópur söngvara sem er með mér og svo er undirleikarinn Aladár svo magnaður að hann spilar eins og heil hljómsveit. Hann er eins við segjum í bransanum svona repertoire pianisti, það er sama hvað maður setur fyrir framan hann, hann spilar það allt saman," segir Kristján Jóhannsson.**

***– thelma@bb.is***

# 179 milljóna króna hagnaður á síðasta ári

Bolungarvíkurkaupstaður var rekinn með 179 milljóna króna hagnaði á síðasta ári samanborið við 116 milljóna króna tap árið 2008. Er því um að ræða 295 milljóna króna jákvæðan viðsnúning á milli ára. Þetta kom fram við fyrri umræðu um ársreikninginn í bæjarstjórn Bolungarvíkur þann 5. maí, þar sem honum var vísað til síðari umræðu. Rekstrartekjur bæjarsjóðs námu alls 679 milljónum á árinu 2009 en áætlun gerði ráð fyrir 642 milljóna kr. tekjum. Þar af voru tekjur A-hluta 567 m.kr. en tekjur B-hluta voru 112 m.kr. Rekstur A-hluta bæjarsjóðs sem að meginhluta er rekinn með skatttekjum skilaði 71 m.kr. afgangi en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 24 m.kr. hagnaði. Veltufé frá rekstri í A-hluta var 127 m.kr. eða 22,4% af heildartekjum en í samstæðunni nam veltufé frá rekstri 235 m.kr.

Í rekstrarreikningi Bolungarvíkurkaupstaðar eru færðir til tekna óvenjulegir liðir og munar þar mest um eftirgjöf skulda og sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði. Hagnaður A-hluta fyrir þessa óvenjulegu liði var 56 m.kr. sem er 31 m.kr. betri niðurstaða en fjárhagsáætlun hafði gert ráð fyrir. Hagnaður samstæðunnar fyrir óvenjulega liði var að sama skapi 24 m.kr. en áætlun hafði gert ráð fyrir 19 m.kr. taprekstri.

Eigið fé A-hluta var 196 m.kr. í lok ársins og hafði aukist um 70 m.kr. frá árinu áður. Eigið fé samstæðu A og B hluta var jákvætt um 387 þ.kr. en árið áður var það neikvætt um 179 m.kr.

Heildareignir Bolungarvíkurkaupstaðar í árslok 2009 námu 1.110 m.kr. Þar af voru varanlegir rekstrarfjármunir 809 m.kr., eignarhlutar í félögum 103 m.kr., skammtímakröfur 139 m.kr. og bankainnistæður 59 m.kr. Ekkert endurmat hefur farið fram á eignum sveitarfélagsins þrátt fyrir að reglur heimili nú slíkt.

Heildarskuldir Bolungarvíkurkaupstaðar námu 1.019 m.kr. í árslok 2009 og lífeyrisskuldbindingar voru 90 m.kr. Skuldbindingar sveitarfélagsins vegna rekstrarleigusamninga eru innan við 1 m.kr. Nettóskuldir sveitarfélagsins í árslok 2009 voru 911 m.kr. en voru 1.070 m.kr. í árslok 2008 og hafa því lækkað um 159 m.kr. milli ára.

Í árslok 2009 voru 968 íbúar í Bolungarvík og því voru heildarskuldir á hvern íbúa því um 1,1 m.kr. Á árinu 2009 hafa áætlanir um hagræðingu í rekstri Bolungarvíkurkaupstaðar að mestu gengið eftir og niðurstaða ársreiknings er betri en gert var ráð fyrir, bæði hvað varðar lækkun skulda og rekstrarniðurstöðu.

*– thelma@bb.is*


## Námskeið

Námskeið í stjórn og meðferð gaffallyftara, hleðslukrana, dráttarvéla með tækjbúnaði, körfubíla, steypudæla og valtara, verður haldið í Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Suðurgötu 12 Ísafirði, ef næg þátttaka fæst.

Miðvikudaginn 26. maí kl. 09:00 -16:00
Fimmtudaginn 27. maí kl. 09:00 - 16:00
Föstudaginn 28. maí kl. 09:00 - 16:00

**Verð er kr. 26.000.- á þátttakanda**

Upplýsingar og skráning er hjá Vinnueftirlitinu á Ísafirði í síma 450 3080, 892 7224 og á netfanginu vestfirdir@ver.is. Ath! Hægt er að sækja um styrk til verkalýðsfélaga.

**Síðasti skráningardagur er 21. maí 2010.**

VINNUEFTIRLITIÐ

# „Með reglugerðinni er verið að samþætta sjónarmið“

„Með reglugerðinni sem miðar að friðun innri hluta flóa og fjarða fyrir veiðum með dragnót er verið að samþætta sjónarmið þeirra sem stöðva alfarið veiðar næst landi og þeirra sem engar hömlur vilja á veiðar í flóum og fjörðum upp í fjöru,“ segir Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra.

Eins og greint hefur verið frá hefur ráðherrann lagt til að dragnótaveiðar verði bannaðar í Önundarfirði til að vernda grunnslóð. Ráðherrann hefur kynnt tillögur um bann við veiðum í dragnót í sjö fjörðum. Auk Önundarfjarðar eru það Hrútafjörður / Miðfjörður, Húnafjörður, Skagafjörður og Seyðisfjörður / Loðmundarfjörður.

Flateyri við Önundarfjörð. Ljósm: Páll Önundarson.

„Með vernd lífríkisins að leiðarljósi og til þess að treysta grunnslóðir sem veiðisvæði smærri báta með umhverfisvænni veiði mun ráðuneytið því gefa út reglugerð sem miðar að friðun innri hluta flóa og fjarða fyrir veiðum með dragnót. Dragnótin var ætluð í upphafi til veiða á flatfiski, en hefur á seinni árum verið þróuð til þess að vera alhliða veiðifæri á bolfisk.“

Jón segir einungis um friðun tiltekinna svæða á grunnslóð fyrir dregnum veiðafærum að ræða án þess að bann sé sett við veiðum á öðrum svæðum. „Þetta er jafnframt gert til að mæta kröfum heimaaðila um skipulag sem sett hafa fram þau sjónarmið að veiðar með ólíkum veiðarfærum fara ekki saman og þeim verði því haldið aðskildum með skipulögðum hætti.“ – *kristjan@bb.is*

# Listi Bæjarmálafélagsins samþykktur

Bæjarmálafélag Bolungarvíkur, óháð og lýðræðisleg stjórnmálahreyfing íbúa í Bolungarvík, hefur samþykkt á almennum félagsfundi framboðslista fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar, að undangenginni skoðanakönnun á meðal bæjarbúa sem fór fram dagana 28. apríl og 2. maí. Í fyrsta sæti listans er Ketill Elíasson fiskeldisfræðingur en í næstu sætum eru Jóhann Hannibalsson bæjarfulltrúi og bóndi, Ylfa Mist Helgadóttir sem vinnur við aðhlynningu aldraðra, Arnþór Jónsson véltæknifræðingur og Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir tölvunarfræðinemi.

Því næst koma Kristrún Hermannsdóttir húsmóðir og sjúkraþjálfari, Roelof Smelt tölvunarfræðingur, Birna Hjaltalín Pálmadóttir æskulýðsfulltrúi, Lárus Benediktsson verkamaður og formaður VSB, Gunnar Sigurðsson skrifstofustjóri, Matthildur Guðmundsdóttir bankastarfsmaður, Sigurður Guðmundur Sverrisson flokkstjóri, Elías Ketilsson útgerðarmaður og Birna Hjaltalín Pálsdóttir húsmóðir.

# Á ég að gæta bróður míns?

**Stakkur skrifar**

Fróðlegt hefur verið að fylgjast með viðbrögðum ráðherra við því að nú hafa fjárglæframenn sem störfuðu í skjóli ríkisstjórnar og Alþingis og náðu því að valda miklum skaða í Bretlandi og víðar en þó fyrst og fremst á Íslandi, verið settir í gæsluvarðhald. Helst mátti ætla af ummælum forsætis- og fjármálráðherra að þeir hefðu átt stóran þátt að máli. Það hefur gleymst að stjórnsýslan verður að fá frið til að vinna faglega og því ber að fagna að settur hafi verið á fót starfshópur sem komist hefur einmitt að þeirri sömu niðurstöðu að fagleg sjónarmið skuli ráða þegar fólk velst til starfa í þjónustu stjórnsýslu íslenska ríkisins. Fjármálaráðherra sá sig svo tilknúinn til að leiðrétta fréttaflutning og lýsti því að ekki hafi verið rétt eftir honum haft. Ber að fagna því.

Það leiðir hins vegar hugann að fréttamönnum, sem gjarna líta út fyrir það að þjóna þeim sem þeir telja sig starfa fyrir. En þó er einhver eða einhverjir starfsmenn 365 miðla að vakna til vitundar um það að þeir vita ekki hver á fyrirtækið sem þeir starfa fyrir. Betra er seint en aldrei. En það vafðist ekki fyrir starfsmönnum Fréttablaðsins og Stöðvar 2 og Bylgjunnar að syngja lofsöng um eigendur sína fyrir bankahrunið. Í seinni tíð er eins og þeir viti ekki almennilega hvernig á að segja fréttir. En þeir eru ekki einu fjölmiðlungarnir sem eru í tilvistarkreppu. Sama virðist uppi á teningnum hjá fréttamönnum RÚV, bæði í sjónvarpi og útvarpi. Hvar er hin gagnrýna fréttamennska þar sem frumkvæði og rannsóknir ráða ríkjum? Það mætti gjarna bera meira á henni. Af hverju hefur enginn spurt allan þann tíma sem liðinn er frá skipun sérstaks saksóknara, sem hefur staðið sig vel miðað við aðstæður, af hverju ekki sé verið að rannsaka Landsbankann? Er það kannski vegna þess að hann á að vera áfram í ríkiseign?

Af hverju er ekki upplýst um það hvernig eignir eru seldar út úr gömlu bönkunum, hverjir fá og fyrir hvaða verð? Getur verið að spillingin sé enn við lýði? Af hverju er aldrei spurt að því af hverju sama fólkið stjórni enn bönkunum, þótt einstaka hákarl hafi verið látinn fjúka? Hvað verður um verðmætin sem eru í þrotabúum bankanna þriggja og skilanefndarmenn virðast geta ráðstafað að vild? Hvar eru gagnrýnir blaðamenn nú? Þeir virðast telja best að slást innbyrðis um völd í sínu eigin félagi þegar mest ríður á því að þeir upplýsi almenning um það sem er að gerast og hefur verið að gerast. Á ég að gæta bróður míns? Þetta er hin stóra siðferðisspurning nútímans á Íslandi. Allir brugðust í undanfara hrunsins. Fjölmiðlar dönsuðu með, stjórnmálamenn reyndu að sanka að sér fé til að verða ríkir eins og fjárglæframennirnir sem þeir lofsungu og þjóðhöfðinginn lét sitt ekki eftir liggja. Eftirlitsstofnanir brugðust og það gerðu þingmenn á löggjafarþinginu einnig. Ljóst er að enginn virðist geta svarað spurningunni játandi nú. En er ástandið betra í dag er einhver að gæta þeirra sem minna mega sín í dag? Er kannski einhver sem hér hefur verið nefndur að sinna því? Svari hver fyrir sig.

***Stakkur*** hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

# Fólk hvatt til hjólreiða

Fræðslu- og hvatningarverkefni Íþróttasambands Íslands, „Hjólað í vinnuna“, hófst formlega í síðustu viku. Um er að ræða þriggja vikna átak þar sem fólk er hvatt til að mæta til vinnu fyrir eigin vélarafli. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands hefur frá árinu 2003 staðið að því að efla hreyfingu og starfsanda á vinnustöðum með heilsu- og hvatningarátakinu „Hjólað í vinnuna“.

Meginmarkmið átaksins er að vekja athygli á hjólreiðum sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta. Keppt er um tvennt; um flesta þátttökudaga, hlutfallslega miðað við fjölda starfsmanna í fyrirtækinu, og flesta kílómetra.

Vestfirðingar hafa tekið vel í átakið þau ár sem það hefur farið fram og sem dæmi má nefna að árið 2008 sigruðu starfsmenn Grunnskólans á Ísafirði í sínum flokki, Ísafjarðarbær hafnaði ofarlega bæði 2008 og 2009 og Starfsmenn Landflutninga á Ísafirði sigruðu í sínum flokki í landsátakinu í fyrra.

## smáar

**Til leigu er 140 m² einbýlishús að Smiðjugötu 4 á Ísafirði. Húsið er á þremur hæðum, þrjú svefnherbergi, tvær stofur, sólpallur og lítill garður. Leiguverð er kr. 90 þús. pr. mánuð. Rafmagn og hiti ekki innifalið. Uppl. gefa Rósa í síma 848 0527 eða Skúli í síma 863 0275.**

**Til sölu eða leigu er 175m² raðhús á Ísafirði. Uppl. gefur Karl í síma 895 0292.**

**Skólastólar af gamla skólanum fást gefins hjá Jóni Kr. Járn, tré og minningar. Uppl. í síma 456 2186 og 847 2542.**

**Til sölu er Ssanyoung Korando, ekinn 166 þús. km. Upplýs. í síma 895 3595.**

# Vænir laxar í Djúpinu

Ekki er laust við að fiðringur sé kominn í stangveiðimenn nú þegar mánuður er í opnanir á fyrstu laxveiðiánum. Á vefnum lax-a.is segir að nokkrir lausir dagar séu til í júní í Ísafjarðardjúpi, í Hvannadalsá, Langadalsá og Laugardalsá, en á þessum tíma er einni stöng færra í þessum ám en þegar líður á tímabilið.

„Vissulega er ekki kominn fullur kraftur í laxagöngur á þessum tíma, en þeir eru af stærri gerðinni sem þarna eru mættir,“ segir á vefnum.

**Keilir býður upp á nám í:**

Einkaflugi
Atvinnuflugi
Flugþjónustu
Flugumferðarstjórn
Flugrekstrarfræði
ÍAK einkaþjálfun
ÍAK íþróttaþjálfun
Orku- og umhverfistæknifræði
Mekatrónik tæknifræði
Háskólabrú

Umsóknarfrestur fyrir haustönn 2010
**er til 7. júní**

Nánari upplýsingar á
**www.keilir.net**

**Keilir**
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

# Fljúgðu hærra!

**Kynning á Flugakademíu Keilis verður á Ísafjarðarflugvelli á uppstigningardag, fimmtudaginn 13. maí, kl. 15:00 - 18:00.**

**Kennarar Keilis verða á staðnum og veita upplýsingar um námsframboð Flugakademíunnar. Keilir býður upp á nám til einkaflugmanns og atvinnuflugmanns í fjarnámi en verkleg kennsla getur farið fram á Ísafirði. Ein af kennsluvélum Keilis verður til sýnis á staðnum.**

**Fulltrúar Keilis verða einnig á svæðinu og veita upplýsingar um aðrar námsbrautir og námsmannaíbúðir á Ásbrú.**

# Hafa sungið saman alla ævi

Systkinin Elísabet Traustadóttir og Magnús Traustason í Bolungarvík hafa mikinn áhuga á söng. Þau nýta hvert tækifæri til þess að syngja saman og hafa komið fram í brúðkaupum og veislum á undanförnum árum. Á þessu ári tóku þau þátt í uppsetningu Litla leikklúbbsins á Ísafirði á söngverkinu Vegir liggja til allra átta en Magnús hafði lítið sungið opinberlega fyrir það.

– Hvaðan kemur söngáhuginn?

Elísabet: Frá móður okkur held ég alveg örugglega.

Magnús: Já, ætli það ekki, en það er kannski erfitt að segja hvaðan áhuginn kemur. Hann spratt bara upp eins og maður segir.

– Og hvenær byrjuðuð þið að syngja?

Elísabet: Ég byrjaði ekki að þora að syngja fyrir framan fólk fyrr en ég var orðin sextán ára minnir mig. Annars söng ég bara ein heima eða með fjölskyldunni.

Magnús: Við höfum auðvitað sungið mikið saman þegar við vorum yngri eins og krakkar gera en ætli við höfum ekki byrja að syngja saman fyrir framan fólk fyrir tveimur árum eða svo.

Elísabet: Já, þegar ég var 16 ára tók ég þátt í söngvakeppni í grunnskólanum á Akranesi og sigraði, en við áttum heima þar. Þetta var svona hálfgerð undankeppi fyrir söngkeppni Samfés á sínum tíma.

Magnús: Við sungum fyrst saman á árshátíð hjá Oddfellow og það var í fyrsta skipti sem við komum saman fyrir framan annað fólk. Það gekk mjög vel og við vorum búin að æfa okkur mikið saman. Við erum náttúrlega búin að syngja mikið saman heima svo þetta var upphafið að því að koma fram opinberlega.

Elísabet stundar nám við Menntaskólann á Ísafirði en Magnús vinnur við gangagerð hjá verktakafyrirtækinu Ósafli og hefur gert það í tvö ár.

– Eruð þið búin að læra söng?

Elísabet: Ég er búin að vera á söngnámskeiðum hjá Bjarney Ingibjörgu Gunnlaugsdóttur, sem hefur reynst mér mjög vel.

Magnús: Ég hef aldrei lært söng en ætla mér að fara að læra í haust og hef fengið mikinn áhuga á því.

– Eruð þið mikið að syngja saman um þessar mundir?

Elísabet: Nei, við erum ekkert brjálæðislega mikið að syngja saman en erum stundum beðin um að koma fram hér og þar.

Magnús: Það kemur stundum fyrir að það er hringt í okkur og við beðin um að koma eitthvert og syngja, en við erum mjög mikið að syngja bara saman heima. En við erum búin að koma fram við nokkur tækifæri, t.d. í brúðkaupum, afmælum og veislum en að undanförnu höfum við aðallega verið að syngja í Vegir liggja til allra átta. Það er allavega svona það stærsta sem ég hef gert.

– Snúum okkur að leikritinu. Hvað kom til þess að þið tókuð þátt í þessari uppsetningu?

Elísabet: Ég tók þátt í leikritinu í fyrra og svo eru Ellý og Vilhjálmur Vilhjálmsson náttúrlega goðin sem maður ólst upp með svo þetta hljómaði bara mjög spennandi.

Magnús: Elísabet hringdi í mig og spurði hvort ég vildi ekki vera með þar sem það vantaði karlkyns söngvara í hópinn. Ég var ekki alveg á því fyrst en ákvað síðan að vera með því mér finnst gaman að syngja og hafði engu að tapa. Þannig endaði maður í þessu flotta leikriti.

Elísabet sigraði í söngkeppni Menntaskólans á Ísafirði á dögunum og var fulltrúi skólans á söngvakeppni framhaldsskólanna sem fram fór á Akureyri 10. apríl. Hvernig var að sigra í undankeppninni?

Elísabet. Það var bara mjög gaman. Ég söng Kathy‘s Song eftir Simon & Garfunkel en Freydís mágkona mín íslenskaði textann. Það var svolítið mikið að gera í kringum undirbúninginn á þessari keppni. Nokkrum helgum fyrir keppnina fékk ég tölvupóst á fimmtudegi um það að ég ætti að mæta í upptökur í Reykjavík. Ég var fárveik og fór beint upp í flugvél en það vildi svo heppilega til að Bjarni Kristinn Guðjónsson sem er með mér í atriðinu var staddur í Reykjavík. Við fórum á æfingu, í viðtöl og tókum upp kynningarmyndbönd.

– Nú eruð þið Bolvíkingar og búið þar. Er mikið tónlistarlíf í Bolungarvík?

Magnús: Já. Það eru oft einhverjir að spila á skemmtistöðunum í Bolungvarvík og þar má nefna snillinga eins og Benna Sig (Benedikt Sigurðsson) og félaga sem troða oft upp. Fátt skemmtilegra en að fara á ball með honum.

– Hverra lítið þið mest upp til í tónlistinni?

Elísabet: Ég held við getum verið sammála um að við lítum mikið upp til Stefáns Jónssonar frænda okkar á Hólmavík og Hjartar bróður okkar. Þeir eru náttúrlega snillingar, en svona af þessum frægustu má nefna t.d. Villa Vill, en það breytist eiginlega dag frá degi hverjir eru í uppáhaldi.

Magnús: Það hittir vel á að vera í þessari sýningu því að Vilhjálmur Vilhjálmsson hefur verið mjög vinsæll innan fjölskyldunnar okkar. Við ólumst upp við tónlistina hans en mamma og pabbi hlustuðu mikið á hann. Við höfum alltaf þekkt lögin hans Villa, alveg frá unga aldri. Þessi sýning hentaði okkur vel og ég hefði sennilega ekki tekið þátt í henni hefði ég ekki þekkt þessa tónlist almennilega og okkur finnst það mikill heiður að fá að taka þátt í þessu verkefni.

– Nú eru margir sem höfðu ekki hugmynd um að hér væru söngelsk systkini á ferð. Eruð þið búin að fá mikil viðbrögð frá fólki sem hafði kannski ekki hugmynd um sönghæfileikana?

Elísabet: Já, það er mikið búið að tala um Magnús og hvað hann kom á óvart og var skemmtilegur í sýningunni.

Magnús: Já, ég hef heyrt það, svo eru strákarnir í vinnunni alltaf að reyna að stríða manni. En sama hvað vindurinn blæs, þá mun fjallið aldrei beygjast og ég læt það ekki hafa nein áhrif.

– Er stefnan sett á söngnám?

Magnús: Eftir að hafa tekið þátt í leikritinu ákvað ég að fara að læra söng. Mig langar að læra betur að hvernig á að beita röddinni.

Elísabet: Já, það er mjög óþægilegt ef maður er að fara að syngja og kann ekki að beita röddinni. Það er mjög vont og það á alls ekki að vera þannig.

Magnús: Ég kannast við það af fyrstu hendi. Ég missti röddina í einn og hálfan mánuð eftir fyrstu sýningarnar. Ég gat varla talað og hvað þá sungið. Það var mjög vont og ég var á tímabili hræddur um að röddin yrði ónýt að eilífu. Það er mjög mikilvægt að læra að beita röddinni. Ég var með slæma hálsbólgu og það er alls ekki gott að syngja þannig og einfaldlega misnotkun á röddinni. Ingibjörg Bjarney hefur aðeins leiðbeint mér og hefur reynst mér mjög vel.

– Og hvert er stefnan sett?

Elísabet: Það er að læra vonandi söng í framtíðinni.

Magnús: Það dreymir auðvitað alla um frægð og frama. Það er auðvitað ekkert sjálfsagt en maður vonar það besta. Mann langar ekkert endilega verða frægur en það vilja allir sanna sig.

# Gúllassúpa og bollur

Sælkeri vikunnar býður upp á dýrindis kjötsúpu úr lamba-gúllasi með karrýkeim. Einnig býður hann upp á ljúffengar gulrótarbollur sem innihalda m.a. kotasælu og ost.

**Lamba–gullassupa**

1 lambabógur
3 laukar
4 tsk karrý
½ hvítkálshöfuð
5 gulrætur
ca 10 stk þurrkaðar apríkósur
4 grænmetisteningar
Salt
Pipar
Olía

Skerið kjötið af beininu, fituhreinsið og skerið í litla bita. Steikið kjötið á pönnu, kryddið með salt og pipar og setjið í pott, bætið slatta af vatni út í og sjóðið í ½ klst.

Karrýið er hitað í olíu á pönnu og síðan er niðurskorið grænmetið léttsteikt. Þessu er síðan bætt út í pottinn ásamt söxuðum aprí-kósum og grænmetisteningum og soðið í ½ klst í viðbót.

**Gulrotarbollur**

25 g smjör
25 g ger
4 dl vatn
1 dl kotasæla
50 gr rifinn ostur
2 dl rifnar gulrætur
1 ½ tsk salt
ca 650 g hveiti

Bræðið smjörið. Hrærið gerið í volgu vatninu og bætið við kotasælu, gulrótum, osti, salti og slatta af hveitinu. Hrærið saman og bætið síðan restinni af hveitinu út í. Hnoðið deigið og látið síðan hefast í klukkustund. Skiptið deiginu í ca 15 bollur og látið hefast á plötunni í ca 15 mín.

## Sælkerinn

Penslið síðan bollurnar með eggi og bakið við 200 C í ca 18 mínútur. Verði ykkur að góðu.

*Ég skora á systur mína Lydiu Ósk Óskarsdóttur að vera næsti sælkeri vikunnar.*

**Sælkeri vikunnar er Albert Óskarsson á Ísafirði.**

# Náðu góðum árangri í Skólahreysti

Grunnskólinn á Ísafirði hafnaði í níunda sæti í úrslitakeppni Skólahreysti sem fram fór á dögunum. Það er mjög góður árangur ef litið er til þess að samtals tóku 120 skólar þátt í keppninni þetta árið. Lið Grunnskólans á Ísafirði skipuðu þau Patrekur Þór Agnarsson, Rannveig Hjaltadóttir, Anna María Stefánsdóttir og Birkir Örn Stefánsson. Blaðamaður settist niður með þeim ásamt íþróttakennara þeirra, Guðnýju Stefaníu Stefánsdóttur.

– Hvað var erfiðast við að keppa í Skólahreysti?

„Það var sennilega kaðallinn. Maður þarf að klifra upp hann eftir að hafa farið í gegnum ýmsar þrautir. Hann er hafður síðastur í brautinni, sem hjálpar ekki við það að klífa hann, en þá á maður kannski ekki mikið inni," segir Patrekur.

– Er mikill undirbúningur fyrir svona keppni?

„Ég held að Anna María og Birkir hafi æft töluvert meira vegna þess að við erum kannski ekki með neina aðstöðu til að æfa hin fyrir hraðaþrautina, en krakkarnir eru í góðu formi og ég held að það hafi hjálpað okkur mikið," segir Guðný.

Unglingarnir eru öll sammála um að það hafi verið mjög gaman að taka þátt í Skólahreysti og segja það hafa skipt sköpum að fá stuðningshóp með sér suður á keppnina. Rúmlega þrjátíu nemendur úr GÍ lögðu leið sína í Laugardalshöllina til að styðja við bakið á skólasystkinum sínum.

„Þetta er í fyrsta sinn sem að stuðningslið fer með suður en nemendurnir gengu í fyrirtæki í bænum og tóku þau rosalega vel á móti okkur og gáfu okkur pening. Það er bara frábært og við erum þeim rosalega þakklát. Fyrirtækin í bænum gerðu okkur kleift að fara með svona marga suður," segir Guðný.

**Ísfirsku keppendurnir í Skólahreysti.**

Þetta er í fjórða skiptið sem Grunnskólinn á Ísafirði tekur þátt í Skólahreysti og í þriðja skiptið sem skólinn kemst í úrslit. Keppendurnir, þau Anna, Patrekur, Rannveig og Birkir, æfa öll íþróttir með skólanum. Anna María æfir sund, Rannveig æfir bæði skíði og fótbolta, Patrekur æfir fótbolta og Birkir stundar glímuna af kappi. Þau segja að mikið af krökkum í skólanum stundi íþróttir. Blaðamaður spyr þá hvort tölvunotkun nemenda skólans hafi áhrif á áhugann á íþróttum.

„Það eru sumir sem eyða svolítið miklum tíma í tölvunni, sum okkar eyða t.d. bæði miklum tíma í íþróttir og að vera í tölvunni, það má kannski segja að þetta sé fínt svona inn á milli," segir Patrekur.

Þau Anna María og Birkir eru að klára tíunda bekk um þessar mundir og geta því ekki tekið þátt í Skólahreysti á næsta ári. Hin segjast ætla að reyna að komast í liðið á næsta ári og ná þá betri árangri.

En hvernig var valið í liðið?

„Við vorum með undankeppni í febrúar þar sem við settum upp hraðabraut og leyfðum nemendum að spreyta sig á æfingunum. Það voru sex einstaklingar valdir í liðið, þar af tveir varamenn. Þetta gekk bara mjög vel og ég er rosalega ánægð með þau og gaman að eiga svona flotta krakka," segir Guðný.

Samtals tóku 120 skólar þátt í Skólahreysti að þessu sinni og segir Guðný að árangurinn sé mjög gleðilegur.

„Ekki nóg með að þau hafi unnið Vestfjarðariðilinn heldur unnu þau í raun og veru líka Vesturlandsriðilinn, því liðið okkar var með fleiri stig en skólarnir frá Vesturlandi sem komust í úrslit," segir Guðný.

Keppendurnir mæla með keppnum sem þessari fyrir alla. Þau segja rosalega gaman að fá að vera með og fara suður og keppa.

– Er mikill áhugi meðal nemenda á Skólahreysti?

„Bróðir minn sem er sjö ára er strax farinn að æfa sig svo að það er alveg ljóst að það er mikill áhugi fyrir þessu," segir Rannveig.

„Ég held að þetta sé mjög hvetjandi. Ég hef fengið rosalega mikil viðbrögð út um allan bæ þegar maður hittir foreldra og krakka. Krakkarnir segja við mig að þau ætli að fara æfa sig á fullu og foreldrar tala um að börnin þeirra vilji taka þátt í þessu. Þetta hefur rosalegt forvarnagildi og er hvetjandi fyrir alla sem hafa áhuga á þessu. Þó við séum bara skóli á Ísafirði, þá erum við alveg eins flott og hinir skólarnir, það er nefnilega málið. Við ætlum að vera með keppni á næsta skólaári til að velja í liðið og vonandi verður það skemmtilega vandamál ef of margir vilja komast í liðið," segir Guðný Stefanía Stefánsdóttir, íþróttakennari við Grunnskólann á Ísafirði.

*– kristjan@bb.is*

# Námskeið
## um rafræna þjónustu Tryggingastofnunar

- **Ætlað:** Eldri borgurum á Ísafirði
- **Tími:** Þriðjudagurinn 18. maí nk. kl. 13.00 til 15.00
- **Staður:** Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Suðurgata 12
- **Skráning:** kynningarmal@tr.is eða sími 560 4400/Kynningarmál

Þátttakendur þurfa að hafa með sér veflykil ríkisskattstjóra

**Opinn kynningarfundur kl. 16.00 til 17.00 á kaffistofu Hlíf 1, Ísafirði**

Kl. 16.00 til 16.30 Tryggingastofnun og lífeyrisréttindin
Kl. 16.30 til 17.00 Umræður

TRYGGINGASTOFNUN
Félag eldri borgara á Ísafirði